



Golfklúbburinn Ós

Aðalfundur Golfklúbbsins Óss haldinn fimmtudaginn 25. febrúar 2021
kl. 18:00 í norðursal íþróttahússins, Blönduósi.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Umræður um skýrslu og reikninga.
4. Kosningar.
 - a. formaður.
 - b. tveir í stjórn til tveggja ára.
 - c. tveir í stjórn til eins árs.
 - d. tveir endurskoðendur.
5. Önnur mál.
6. Fundargerð lesin upp og borin upp til samþykktar.
 7. Önnur mál.
 8. Fundarslit.

Golfklúbburinn Ós

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020

Skráðir félagar í golfklúbbnum Ós árið 2020 voru 36 í lok sumars.

Í byrjun maí var fjórða brautin enn á kafi í snjó og ekki mögulegt að spila hana fyrr en í júní sem var reyndar fyrr en við gerðum ráð fyrir. Til að bjarga máluðum í maí var bráðabirgð aflöt komið fyrir við fimmta teig.

Vegna veðurofsans fyrr um veturinn voru trén við fjórðu brautina (og víðar) mjög illa farin og í lok maí tóku nokkrir félagar sig til og fóru í skógarhögg og snyrtu til í kringum fjórðu brautina.

Einnig komu flatirnar mjög illa undan vetri, sérstaklega þriðja flöt. Fjárfest var í „gulláburði“ eins og stjórnin kallar hann og hjálpaði hann mikið við að græða flatirnar.

Gestir á vellinum voru með mesta móti í sumar sem skýrist af heimsfaraldri og golfarar lítið í útlöndum. Þess vegna er mjög mikilvægt að völlurinn okkar líti snyrtilega út þannig að golfiðkendum telji ástæðu til að koma til okkar aftur.

Jón Jóhannsson var vallarstjóri sumarið 2020 og Guðráður Jóhannsson og Jakub Cackowski unnu á vellinum, báðir í hlutastarfi.

Vinnuhópur frá Landsvirkjun kom einu sinni til okkar í sumar og þau stóðu sig vel við slátt og önnur verkefni sem þeim voru falin.

Elsti hópur leikskólans kom í golfkennslu og þá var mikið fjör. Glompurnar og lækirnir vöktu reyndar meiri athygli hjá sumum en golfið en allir skemmtu sér vel. Ég var að sýna þeim púttar þegar ein daman sagði: „Ég veit hvað þetta er“. „Hvað heitir þetta? „ Golfcourse“ :-)

Golfkennsla síðasta sumar var með minna móti en Þórður Rafn Gissurarson, PGA kennari kom helgina 12. – 14. júní með golfkennslu og svo aftur seinna um sumarið. John Garner komst ekki til okkar vegna kórónuveirunnar en hann býr á Nýja Sjálandi.

Fyrsta punktamót sumarsins var haldið 21. maí. Alls urðu mótin 16 en félagar hittust og spiluðu fram eftir hausti. Punktamótsmeistari árið 2020 er Jón Jóhannsson. Félagar í GÓs mættu einnig vel á punktamót á Skagaströnd og félagar þaðan til okkar.

Holukeppni GÓs hófst þann 16. júní og var góð þátttaka eins og alltaf. Sigurvegari var Guðrún Ásgerður Jónsdóttir og Jón Jóhannsson var í öðru sæti.

Meistaramóti GÓs var haldið dagana 3. og 4. júlí Þátttakendur voru þrettán og sigurvegari í meistaraflokki var Eypór Franzson Wechner, í karlaflokki Hafsteinn Pétursson og í kvennaflokki Birna Sigfúsdóttir.

Húnavökumótinu styrkt af Terra, varð að fresta vegna veðurs.

Sameiginlega Texas Scramble mótið á Blönduósi og Skagaströnd var haldið laugardaginn 5. september í blíðskaparveðri. Mótið byrjaði á Vatnahverfisvelli og síðan var haldið á Háagerðisvöll. Þátttakendur voru 32 og voru allir sammála um að þetta væri skemmtilegasta mót sumarsins.

Ekki var hægt að halda lokahóf GÓS vegna stöðunnar í samfélaginu.

Með þökk fyrir golfsumarið 2020.

Jóhanna G. Jónasdóttir
Ágúst Þór Bragason
Gróa María Einarsdóttir
Kristmundur Valberg
Eypór Franzson Wechner